

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	23.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Gíslason	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö eldri frávik eru enn opin en tvö ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust.

Fráviki sem snýr að mælingum á umfangi urðaðs úrgangs á virka urðunarstaðnum er lokað.

Rekstraraðili hefur sótt um undanþágu frá starfsleyfi vegna umfangs starfseminnar en búist er við að meira en 1500 tonn af úrgangi berist á staðinn á árinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi í Borgarnesi. Á fundinum voru Hrefna B. Jónsdóttir, Þorsteinn Eyþórsson og Stefán Gíslason á vegum Sorpurðunar Vesturlands hf. og Hulda Soffía Jónasdóttir og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Fundur
 - Virki urðunarstaðurinn
 - Niðurstöður síðasta eftirlits og framkvæmdir/úrbætur á árinu
 - Yfirlit yfir umfang og rekstur í Fíflholtum, kröfur starfsleyfi ræddar
 - Umsókn um meira umfang – staða
 - Innsend gögn – Grænt bókhald, útstreymisbókhald, magn úrgangs, samantekt skráninga
 - Eftirlitsmælingar – vöktun
 - Hauggasmál – staða mála
 - Niðurstöður eftirlitsmælinga – túlkun niðurstaðna
 - Virki hreinsivirkis
 - Fok og fokvarnir
 - Lokaði urðunarstaðurinn
 - Lokunaráætlun
 - Fyrmæli UST
 - Framkvæmdir við hreinsivirki
 - Skil á gögnum, vöktunarskýrslur og túlkun niðurstaðna
- Skoðun í Fíflholtum

1a. Virki urðunarstaðurinn

Frávik frá kröfum í starfsleyfi

Rætt var um hreinsivirki fyrir sigvatn frá urðunarstaðnum. Frávik hafa verið skráð við hreinsun sigvatns frá rein 4 árin 2016 og 2017. Hreinsivirki reinar 4 samanstendur af fituskilju og síubeði. Síubeðið var sett niður við rein 4 árið 2016, en það stíflaðist fljótt og var endurnýjað á árinu 2017. Enn er síubeði í hreinsivirki fyrir sigvatn of þétt og sigvatn frá rein 4 fer að stórum hluta út í viðtaka um yfirfall eftir að hafa farið í gegnum fituskilju en ekki um jarðvegssíu (síubeði) eins og krafa er um í starfsleyfi.

Frávikin sem skráð var í eftirliti 5. júní sl. var mótmælt af rekstraraðila þann 28. ágúst sl. á þeim forsendum að reglugerð um fráveitur og skólp heimili að ofanvatn fari um yfirföll í allt að 5% af rennslistímanum. Í svari Umhverfisstofnunar frá 21. september sl. kemur fram að stofnunin meti það svo að sigvatn sem ekki fer í gegn um síubeði sé ekki hreinsað með fullnægjandi hætti. Farið er fram á að rekstraraðili skrái daglega hvort vatn fari um yfirfall og láti mæla við fyrsta tækifæri vatn sem fer um yfirfall, sömu mælingar og á sigvatni sem farið hefur í gegnum síubeði og er losað í viðtaka. Þannig sé hægt að meta hvort 5% reglan eigi hér við. Í næsta eftirliti verður farið verður yfir skráningar rekstraraðila á fjölda daga sem vatn fer út á yfirfalli við hreinsivirki reinar 4.

Yfirlit yfir umfang og rekstur í Fíflholtum

Rætt var um hreinsivirki við rein 4. Rekstraraðili bað um að sér yrði gefinn tími til þess að ná síubeðinu í gott jafnvægi. Virðist sem niðurbrot lífrænna efna í síubeðinu sé ekki sem skildi og efstu sandlögin í síubeðinu fyllist af svifögnum. Umhverfisstofnun hefur gefið frest til næsta eftirlits en niðurstöður efnagreininga skal senda á stofnunina ásamt stöðuskýrslu og uppfærðri úrbótaáætlun ef hreinsivirkið nær ekki þeim afköstum sem til er ætlast af því.

Í starfsleyfi segir að leiða skuli allt sigvatn undan urðunarstaðnum í Norðlæk. Bent var á í eftirlitinu að Norðlækur

er um 800 – 900 neðan við hreinsivirkið og í gegnum mýrarfláka að fara. Sigvatni er núna beint í affallsskurð sem drenar yfirborðsvatn og beinir því framhá urðunarstaðnum. Ef farið verður í breytingar á starfsleyfi þarf rekstraraðili að athuga hvort fara þarf fram á breytingu á grein 3.3 í starfsleyfi og heimilt verði að leiða sigvatn í affallsskurðinn.

Skráningar á umfangi urðaðs úrgangs (sigi) hafa borist stofnuninni og fyrirhugað er að mæla sig áfram í samræmi við ákvæði í grein 5.1 (4). Resource International ehf. (Hafsteinn) sendi stofnuninni gögn um mælingarnar þann 22. desember 2017 og því er þessu fráviki lokað.

Frávik vegna uppsöfnunar á veiðarfæraúrgangi (sjá samning Úrvinnslusjóðs við LÍÚ (SFS)) er enn opið. Rekstraraðili hyggst láta hreinsa úr veiðarfæraúrgangnum það sem ekki er leyfi til að urða í Fíflholtum og urða síðan veiðarfæraúrganginn. Frávikið er enn opið og verður opið þangað til tilkynning kemur frá rekstraraðila um að frágangi sé lokið.

Alltaf er unnið í fokvörnum. Móttöku úrgangs er hætt þegar vind herðir en enn er hægt er að bæta fokvarnir í kringum opnu reinina. Girðingar í kringum urðunarstaðinn voru endurnýjaðar í sumar.

Í grein 1.9 í starfsleyfi er gerð krafa um árlegan samráðsfund sem rekstraraðili boðar til. Á fundinn skal bjóða eftirlitsaðila og fulltrúa heilbrigðisnefndar Vesturlandssvæðis. Engin samráðsfundur hefur verið haldinn undanfarin ár og telst það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Innsend gögn – Grænt bókhald, útstreymisbókhald, magn úrgangs, samantekt skráninga

Farið var yfir innsend gögn og reyndust þau öll hafa skilað sér. Grænt bókhald barst með skilum og þar kemur fram að samtals voru urðuð 14169 tonn í Fíflholtum á síðasta ári.

Samkvæmt útstreymisbókhaldi rekstraraðila er losun metans um 210.000 kg á árinu 2017.

Mælingar á mengunarefnum í fräreynslu urðunarstaðarins voru síðast framkvæmdar þann 16. október 2017. Mæld voru mengunarefni í sigvatni fyrir og eftir hreinsun. Ekki var þá, byggt á innsendum gögnum, mikil hreinsun sem fór fram í hreinsivirkinu við rein 4

Hauggasmál - staða

Verktaki vinnur við að koma á söfnun hauggass. Resource International ehf. hefur mælt sleppingu á hauggasi og látið bæta við þekju í hliðar og ofan á haugnum til þess að hindra sleppingu metans. Komið hefur verið fyrir borholum í haugnum og lagnir sem flytja hauggas að brennara (kyndli) sem kominn er á staðinn og verður komið fyrir í kerfinu þar sem hauggasi verður brennt. Fram hefur komið í nýlegum samskiptum við rekstraraðila að brennsla metans hófst í nóvember sl.

Umsókn um meira umfang – staða

Í september sl. barst bréf frá rekstraraðila þar sem fram kom að heimildir í starfsleyfi urðunarstaðarins væru farnar að þrengja að rekstri. Heimilt er að urða 15000 tonn á ári en rekstraraðili taldi að heildarmagn úrgangs yfir allt árið gæti farið í um 18000 tonn. Óskað var eftir því að Umhverfisstofnun tæki afstöðu til þess hvort það yrði skráð sem frávik frá starfsleyfi. Farið var fram á breytingu á starfsleyfi og heimilt yrði að urða allt að 20000 tonn af úrgangi. Rekstraraðila var leiðbeint um að leita eftir upplýsingum um það hjá Skipulagsstofnun hvort fyrirhuguð aukning á magni urðaðs úrgangs kalli eftir nýju mati á umhverfisáhrifum, og um að sækja eftir undanþágu frá ákvæðum núgildandi starfsleyfis ef útlit er fyrir að magn urðaðs úrgangs fari yfir þau 15000 tonn sem leyfi er fyrir. Málið er enn í ferli.

1b. Lokaði urðunarstaðurinn

Farið var yfir fyrirmæli um frágang og vöktun. Umhverfisstofnun fór í lokunareftirlit í lokaða urðunarstaðinn í Fíflholtum í júní 2016 og að því loknu var gefin út yfirlýsing um að stofnunin samþykkti fráganginn og að hann væri í samræmi við lokunaráætlun rekstraraðila frá mars 2014. Gerð var krafa um að fyrirmælum um frágang og vöktun yrði fylgt (frá júní 2014 en breytt í júlí 2017).

Sigvatnskerfi urðunarstaðanna eru aðskilin og fylgst með því hvort afrennsli (sigvatn eftir hreinsun) gamla urðunarstaðarins hafi óæskileg áhrif á ástand vatns og hvort umhverfismörk (sjá B-lið fylgiskjals 1 með reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ) falli um flokk. Environice (UMÍS ehf.) sér um mælingar sem krafist er. Vöktunarskýrsla fyrir 2017 liggur fyrir. Skýrslan er vel unnin og er Umhverfisstofnun sammála niðurstöðum hennar í öllum menginatriðum. Hreinsivirkið við gamla urðunarstaðinn skilar takmörkuðum árangri. Skoðun og mælingar fóru fram tólf sinnum á árinu og var froða við útrásina skrá tvisvar sinnum og útfellingar í læknum sem frá útrásinni liggur fjórum sinnum. Samkvæmt fyrirmælum um frágang og vöktun skal hreinsivirkið hreinsa sigvatnið þannig að mengunar gæti ekki í útrásarskurðinum. Þetta telst því frávik frá fyrirmælunum.

Resource International hæðarmældi lokaða urðunarstaðinn en niðurstaða mælinga hefur enn ekki borist stofnuninni. Með hæðarmælingum á yfirlaginu er hægt að reikna út breytingar á umfangi eins og krafist er (grein 1.7 (1) í fyrirmælunum. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um rúmmálsbreytingar (sig) á urðunarstaðnum.

2. Skoðun í Fíflholtum

Farið var í skoðun á urðunarstöðunum í Fíflholtum. Verktaki (Nicolas frá Resource International ehf.) fór yfir framkvæmdir við undirbúning að söfnun og brennslu á haugasi. Verkið er langt komið og brennari (kyndill) er samkvæmt nýlegum upplýsingum kominn í notkun.

Næst var farið að hreinsivirkjum neðan urðunarstaðanna og aðstæður af afrennisskurði skoðaðar. Enn fer hluti sigvatns frá nýja urðunarstaðnum út á yfirfalli og er eldra frávik enn opið og beðið eftir skýrslu rekstraraðila um niðurstöður skráninga á fjölda daga sem sigvatn fer um yfirfall (sjá bréf Umhverfisstofnunar, UST201803-197 frá 21. september 2018) vegna mótmæla rekstraraðila við frávikin.

Skoðaðar voru aðstæður við affallsskurð og fjarlægðir í Norðlæk.

Fleira ekki gert.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

grein 1.9 í starfsleyfi um samráðsfund

Ekki hefur verið haldinn samráðsfundur með fulltrúum Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar Vesturlandssvæðis.

grein 1.5 í fyrirmælum um frágang og vöktun um hreinsun sigvatns.

Hreinsivirki við gamla urðunarstaðinn skilar takmörkuðum árangri og stundum er froða og útfellingar í affallsskurðinum. Hreinsivirki skal tryggja að mengunar frá urðunarstaðnum gæti ekki í skurðinum.

ÁBENDINGAR

1. Vegna hreinsivirkis við rein 4 skal rekstraraðili senda Umhverfisstofnun stöðuskýrslu og uppfærðri úrbótaáætlun ef hreinsivirkid nær ekki þeim afköstum sem til er ætlast af því.
2. Vegna kröfu í starfsleyfi um að hreinsað sigvatn skuli leitt í Norðlæk þarf rekstraraðili að meta hvort sótt verði um breytingu á grein 3.3 í starfsleyfi og heimilað að leiða sigvatn í affallsskurðinn.
3. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu þegar veiðafæraúrgangi hefur verið komið í farsælan farveg.
4. Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um sig á gamla urðunarstaðnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.12.2018



Gottskálk Friðgeirsson

